

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

11. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 4. sept. 1991
kl. 14:00

Kári setti fund og bauð menn velkomna.

1. Undirbúningur 42. Ársþings.

Aðalmál þingsins verður hrossabúskapur og er búið að leggja drög að því að framsögumenn verði: Sveinn Runólfsson Einar Gíslason og Ólafur Dýrmundsson.

Kári gat síðan um þau mál sem stjórninni var ætlað að vinna að þ.e. um stórmótahald og skipulagsmál L.H. Svo og könnun á því hvernig ísl. hesturinn skuli vera.

Kári gerði að tillögu sinni að sáma þá Sigurð Ólafsson og Grím Gíslason gullmerki Landssambandsins á komandi þingi og var það samþykkt.

Fjallað var um væntanlega boðsgesti þingsins.

Fjallað var um reiðhjálma og hversu lítil notkun þeirra er hér á landi. Menn voru sammála um að notkun reiðhjálma væri verulegt öryggisatriði og þyrfti notkun þeirra að aukast. Semja þarf tillögu um þetta málefni fyrir næsta þing.

2. Kári greindi frá aðalfundi FEIF sem haldinn var í Svíþjóð eftir heimsmeistaramótið og hann sat. Ákveðið hefur verið að næsta HM-mót verði Hollandi og þar næsta í Sviss. Kári fjallaði nokkuð um HM og val ísl. keppendanna og taldi að breyta þurfi aðferðum við valið.

Sigurður framkv. stjóri greindi nokkuð frá hvernig til tókst með hópferð á HM en L.H. var aðili að henni og lagði skrifstofan á sig talsvert mikla vinnu vegna þessarar ferðar. Færri þáttakendur voru en gert var ráð fyrir eða 110 í stað 173 sem þýddi það að L.H. varð af frímiðum sem komið hefðu sér vel.

Kristmundur Halldórsson form. Gusts sem nú var mættur á fund, tók til máls og greindi frá undirbúningi og framkvæmd árþings en hestamannafélagið Gustur býður nú til þings í Félagsheimili Kópavogs 25. og 26. okt. n.k.

3. Umræður urðu um ýmsar reglur sem starfað er eftir í keppnum. Voru nefnd ýmiss dæmi um þetta. Þá nefndi Kristmundur hvort ekki væri æskilegt að skrifa gerðabók þar sem fram koma úrskurðir um vafaatriði. Gunnari og Guðmundi falið að útfæra tillögu um þetta fyrir þing.

4. Starfræksla unglingsabúða á vegum FEIF. Skrifstofunni falið að skipa nefnd í málið, en komið hefur til álita að starfrækja þetta í Skógarhólum '92.

5. Ráða þarf æskulýðsfulltrúa frá og með 1. jan. 1992.

6. Fjórðungsmót á Gaddstaðaflötum. Ekki er búið að gera upp endanlega. 2% af tekjum eiga að fara í áningahólfasjóð eða c.a. 280.000.- Mótið virðist ætla að standa undir sér.
7. Sigurður greindi frá undirbúningi fyrir fjórðungsmót á Kaldármelum og er formaður Tryggvi Gunnarsson, Brimilsvöllum.
8. Vegagerð við Stífnisdal. Jón Jónsson í Varmadal hefur gert tilboð í verkið og er það hafið. Sigurður lýsti þessu og greindi frá helstu framkvæmdum. Taldi hann æskilegt að verkið yrði klárað. Samþykkt að taka tilboði Jóns og ætla þessu fjárveitingu á næsta ári. Munu Sigurður og Guðmundur fara yfir tilboðið áður en það verður staðfest.
9. Sigurður greindi frá erindi sem Guðlaugur Tryggvi Karlsson hefur sent um fræðsluefni og fleira. Var þetta rætt og ekki tekið undir það í þeirri mynd sem hann leggur til.
10. Kári greindi frá bókaútgáfu sem varða hestamennsku og væntanlegar eru á markað í haust. Albert Jóhannsson hefur ritað L.H. og óskað leyfis til að vitna í lög og reglur L.H. og heimilar stjórnin það. Gunnar Bogason hefur óskað leyfis að birta kafla úr bókinni "Á fáki" eftir Gunnar Bjarnason og Boga Eggertsson. Það var samþykkt.
11. Sigurður ræddi reksturinn á Skógarhólum í sumar. Útkoma er svipuð og á síðasta ári. Sigurður heimsótti félaga Storms á Vestfjörðum í tilefni 20 ára afmælis félagsins og færði þeim fána frá L.H. Sagði hann afmælismót þeirra hafa verið haldið af myndarskap og væru þar góðir liðsmenn. Þá var Kinnskær 40 ára og hafði Sigurður rætt við formann félagsins um það. Þá ræddi Kári um afmæli Feykis í N-Þing. Var Sigurði þakkað þetta framtak og færðu fundarmenn honum þakkir. Skúli greindi frá heimsókn í Skógarhóla og sagði menn mega vera stoltir af þessari aðstöðu. Halldór kom með ábendigu um að stjórnarmenn litu yfir liðið starfsár og legðu einhverjar línlitum um næsta starfsár. Var þess óskað að Sigurður setti nokkra punkta sem stjórnarmenn gætu rætt og ábending til stjórnarmanna um hið sama. Kári ræddi um hvort athuga ætti enn um um þinghald annað hvert ár. Sigurður ræddi um ýmislegt sem Halldór hafði bent á.

Fundi slitið kl. 18:00

Kári Arnórsson
Gunnar B. Gunnarsson
Skúli Ögm. Kristjónsson
Kristmundur Halldórsson
Sigrún Sigurðardóttir sat einnig fundinn.

Guðmundur Jónsson
Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Ingimar Ingimarsson

Einnig sat fundinn Sigurður Þórhallsson framkv.stj. L.H.